Landsvirkjun

LV-2022-029

Rúst á bökkum Úlfljótsvatns í Grímsnes- og Grafningshreppi, Árnessýslu

Viðauki: Skráning þriggja fornleifa

Rúst á bökkum Úlfljótsvatns í Grímsnes- og Grafningshreppi, Árnessýslu

Viðauki: Skráning þriggja fornleifa

Höfundar
Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan

Dagsetning
Maí 2022

Lykilsíða

Skýrsla LV nr	LV-2022-029	**Dagsetning**	Maí 2022
Fjöldi Síðna	34	**Upplag**	10
Dreifing	[ ] Birt á vef LV	[X] Opin	[ ] Takmörkuð til [Dags.]
Titill	Rúst á bökkum Úlfljótsvatns í Grímsnes- og Grafningshreppi, Árnessýslu. Viðauki: Skráning þriggja fornleifa		
Höfundar/fyrirtæki	Bjarni F. Einarsson / Fornleifafræðistofan		
Verkefnisstjóri	Helgi Jóhannesson / Landsvirkjun		
Unnið fyrir	Landsvirkjun		
Samvinnuaðilar	–		
Útdráttur	Að beiðni Landsvirkjunar og að kröfu Minjastofnunar Íslands rannsakaði Fornleifafræðistofan meinta óskráða rúst í landi Hamars (Efri Brúar) í Grímsnes- og Grafningshreppi í Árnessýslu til að staðfesta að um rúst væri að ræða og ef svo væri að fullrannsaka hana með tilliti til aldurs og hlutverks. Einnig var fleiri rústa leitað á svæðinu, en áður hafði ein rúst verið skráð í allra næsta nágrenni. Ein gömul gata fannst til viðbótar og voru allar þessar þrjár fornleifar skráðar í gagnagrunn Fornleifafræðistofunnar (nr. 75-77).		
Lykilorð	Ljósafossstöð, Úlfljótsvatn, Efri Brú, Hamar, fornleifarannsókn.		

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Helgi Jóhannesson

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Rúst á bökkum Úlfljótsvatns í Grímsnes- og Grafningshreppi, Árnessýslu

Viðauki: Skráning þriggja fornleifa

Bjarni F. Einarsson
2022

Forsíðumyndin sýnir rústina þegar rannsókn er nær lokið. Eins og sjá má stendur hún á blábakkanum. (Horft mót SSA. Stafrænar myndir nr. 53. Ljósm. BFE.).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN
Unnið fyrir Landsvirkjun
© Bjarni F. Einarsson
23. maí 2022

Inngangur

Að beiðni Landsvirkjunar og að kröfu Minjastofnunar Íslands rannsakaði Fornleifafræðistofan meinta óskráða rúst í landi Hamars (Efri Brúar) í Grímsnes- og Grafningshreppi í Árnessýslu til að staðfesta að um rúst væri að ræða og ef svo væri að fullrannsaka hana með tilliti til aldurs og hlutverks. Einnig var fleiri rústa leitað á svæðinu, en áður hafði ein rúst verið skráð í allra næsta nágrenni. Ein gömul gata fannst til viðbótar og voru allar þessar þrjár fornleifar skráðar í gagnagrunn Fornleifafræðistofunnar (nr. 75-77).

Rannsóknin fór fram dagana 6. - 15. október síðastliðinn. Aðstæður voru þokkalegar, votviðrasamt í upphafi en að mestu leyti þurrt eftir það.

Tilefni rannsóknanna var að fyrir nokkrum árum tilkynnti ábúandi á Hamri til Landsvirkjunar að rúst nokkur væri við það að falla í Úlfljótsvatn. Fór fulltrúi Landsvirkjunar á staðinn ásamt minjaverði Suðurlands þann 7. júní síðastliðinn og í kjölfarið fór stofnunin fram á að rústin yrði staðfest og rannsökuð til hlýtar ef um mannvirki væri að ræða.

Starfsmenn rannsóknanna, auk undirritaðs, voru þau Svavar Níelsson fornleifafræðingur og Anna Soffía Ingólfsdóttir fornleifafræðinemi. Gjóskugreiningu annaðist próf. Þorvaldur Þórðarsson, HÍ.

Áður en að rannsókninni kom var rústin skráð, ljósmynduð með dróna og stafræn myndavél var notuð eftir því sem rannókninni vatt fram auk drónamynda.

Að lokinni rannsókn var torfið sem stungið var úr rústinni sett aftur ofan í holuna þannig að veggirnir sáust.

Fulltrúi verkkaupa var Helgi Jóhannesson hjá Landvirkjun.

Staðhættir.

Rústin er á sillu í snörpum halla á blábakka Úlfljótsvatns á milli tveggja nesja sem ganga út í vatnið. Að vestan heitir nesið Langi tangi og að austan Litli tangi. Þetta eru örnefni sem notuð voru af heimilisfólkinu á Hamri. Langi tangi heitir Hamar í örnefnaskrá. Sjálfur bakkinn er um 3–4 m hár og mjög brattur. Vatn og vindar hafa rofið þennan bakka í áranna rás, jafnvel svo að um 10–30 m hafi horfið í vatnið á þessum tíma frá því að virkjanaframkvæmdir við Ljósafossvirkjun hófust, en stöðin hóf rekstur



Mynd 1. Yfirlit yfir hina rannsökuðu rúst og nánasta umhverfi. Sjá má fornleifar nr. 76 og 77 vinstra megin á myndinni. Hugsanlega sést í gamla vatnsbakkan neðst á myndinni sem nú er undir vatni. Það er freistandi að halda að rústir eða mógrafir kunni að leynast undir vatnsyfirborðinu þar sem mótar fyrir ferningslaga holum. (Stafr. myndir nr. 32. N vísar upp. Ljósm. BFE).

1937. Man núverandi ábúandi á Hamri, Guðmundur Tómasson, eftir því að bakkinn náði allavega 10 m út í vatnið þegar hann var ungur, en faðir hans byggði húsið 1940 sem nú heitir Hamar.

Upp af svæðinu er vel gróið holt, nokkuð þýft, með lynggróðri, einstaka víðirunnum, mosa og grasi. Við rústina norðanverða hefur nokkrum sitkagrenitrjám verið plantað og einu lauftré (ösp?).

Áður en vatnsborðið hækkaði vegna virkjunarinnar voru nokkrar eyjar úti í vatninu, þar á meðal Brúarey og Flatey nokkru ofar. Eru þær nú talsvert minni en áður var. Brúarey tilheyrði Efri-Brú, en Flatey Úlfljótsvatni (Sýslu- og sóknarlýsingar 1979:248).

Rústin fyrir rannsókn

Rústin var skráð undir númerinu 75 á eftirfarandi hátt í Fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar.

Rúst.
Um 4 x 5 m (NNV-SSA). Veggir úr torfi og grjóti, 1 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir.
Engar dyr sjást og er rústin vel gróin. Að norðanverðu hefur trjám verið plantað.
Rústin er alveg frammi á bakka Úlfljótsvatns og virðist sem þegar sé að falla úr henni niður í vatnið. Því getur rústin hafa verið mun stærri forðum.
Að sögn ábúenda á Hamri var bakkinn um 10 m lengra frá rústinni um 1960.

Þegar rýnt var í vatnsyfirborðið undir rústinni lágu þar nokkrir steinar, en ógerningur að ákvarða hvort þeir væru hrundir veggjasteinar eða ekki. Allavega voru það of fáir steinar til að álykta að stór hluti rústarinnar hefði

Mynd 2. Yfirlit yfir rústina fyrir rannsókn. (Stafr. myndir nr. 2. Horft mót S. Ljósm. BFE).

fallið í vatnið, sem var um 4 m lægra en rústin. Þessir fáeinu steinar voru ekki lábarðir sem bendir til þess að líklega voru þeir úr rústinni.

Markmið

Rannsóknin var gerð að kröfu Minjastofnunar Íslands vegna þess að vatnsrof er farið að hóta meintri rúst og þess ekki langt að bíða að hún hverfi að fullu (Minjastofnun, bréf). Tilgangur rannsóknarinnar var tvennskonar. Annarsvegar að kanna og staðfesta að um rúst hafi verið að ræða. Kæmi í ljós að um rúst væri að ræða þyrfti að rannsaka hana til hlýtar til að komast að aldri hennar og hlutverki. Í ljós kom að um rúst var að ræða og var hún því fullrannsökuð.

Fátæklegar heimildir

Engar aðrar heimildir eru til um þessa rúst aðrar en það sem kemur fram í Örnefnaskrá Efri-Brúar og ekki er víst að átt sé við þessa tilteknu rúst í örnefnalýsingunni, en í lýsingunni hér að neðan er orðið húsatóftir notað í fleirtölu, en orðið er oft notað í fleirtölu þó átt sé við eina rúst. Skráin er að stofni til frá 1922 og þá hefur bakkinn verið talsvert sunnar en nú er og þar hafa rústir getað staðið sem nú eru horfnar.

> Í valllendislaut, sem er sunnan í Hamrinum, austarlega, sést votta fyrir mjög gömlum húsatóftum. Engar sagnir eru til, er benda á hvaða byggingar þetta hafa verið. (Austast á Hamrinum er nú sumarbústaður Tómasar Guðmundssonar). Til vesturs frá Hamrinum er eyja í Soginu, heitir Brúarey (48). (Þegar Ljósifoss var



Mynd 5. Sniðteikning í rúst 75.

> virkjaður fór nokkuð af eyjunni í vatn. Nú er eftir af henni aðeins lítill hólmi. Hitt hefur eyðzt og fallið niður af vatnsgangi. Stundum var eyjan slegin og fengust þá af henni 20-30 hestar. Á hverju hausti voru sláturær látnar í eyjuna og hafðar þar í 4-6 vikur, og fitnuðu þær mikið á þeim tíma. (Örnefnaskrá. Guðmundur Guðmundsson).

Í athugasemdum við Örnefnaskrá Efri-Brúar er eftirfarandi haft eftir Óskari Ögmundssyni á Kaldárhöfða:

> Í Kallhól (51) er kofarúst. Þar var hesthús fyrir hest Þingvallaprests. Hesturinn var geymdur þar, meðan embættað var á Úlfljótsvatni. (Örnefnaskrá, athugasemdir).

Kallhóll á Kvíanesi er nokkuð vestan og ofan við Hamarinn og er algengt örnefni við ár þar sem ferjustaðir hafa verið yfir árnar. Var þá kallað yfir ánna ef ferjan var hinum megin eða fólk að boða komur sínar yfirum. Þó að ferja hafi verið undir Kallhól á Kvíanesi yfir í Úlfljótsvatn, útilokar það ekki að annar ferjustaður hafi verið við Hamarinn yfir í skráðan ferjustað hinum megin við ána við svokallaðan Skiphól skammt suður af bænum á Úlfljótsvatni. Sá staður er nr. 40 í fornleifaskrá Fornleifafræðistofunar og til eru heimildir um hann í Örnefnaskrá Úlfljótsvatns, en ekkert sást á vettvangi sem benti til ferjustaðar. (Bjarni F. Einarsson 2005). Í Sunnlenskum byggðum segir í lýsingu Grafningshrepps að ferjustaður hafi verið skammt ofan við Ljósafoss og má vera að um sé að ræða staðinn við rúst 40. (1983:254). Áður hafði tóft við Skiphól verið skráð eftir Örnefnaskrá Úlfljótsvatns undir númerinu ÁR-479:047, en ekki á vettvangi (Birna Gunnarsdóttir o. fl. 1997:45). Aftur var staðurinn skráður 2018 undir heitinu „heimild um ferju“ undir númerinu 479:051 og þá sást ekkert.

Ofan á Skiphól er rúst sem skráð er undir númerinu 32 í fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar (Bjarni F. Einarsson 2005), en hún gefur ekki til kynna að tengjast ferjustað, eins og t.d. rúst af nausti eða bátaskýli. Rústin virðist vera skepnuhús.

Rannsóknin

Ákveðið var að grafa syðri hluta rústarinnar sunnan við Hamarinn fyrst til að átta sig á jarðlögum. Var sett út lína yfir rústina A–V og vestur endi hennar skilgreindur sem X 50 Y 100. Lá þessi lína nær því að liggja A–V, en nákvæmari stefna rústarinnar var NNV–SSA. Þegar suðurhluti var fullgrafinn



Mynd 3. Planteikning af rúst 75. Dökk gráu fletirnir sýna líklega kampsteina sem marka dyr.

Mynd 4. Drónamynd af rústinni eftir rannsókn. (Stafr. myndir nr. 40. Ljósm. BFE).

var nyrðri hlutinn grafinn, en 0,5 m breiður bakki skilinn eftir við línuna. Hann var svo fjarlægður þegar sýnt var að hann gagnaðist ekki til greininga á gjóskulögum.

Hæðarpunktur var valinn á stórum steini 29,55 m vestan við NV horn rannsóknarsvæðisins sem var við X 52,5 Y 100.

Aðeins var um handvirkan gröft að ræða.

Mesta dýpt rannsóknarsvæðisins var 0,89 m nyrst og minnst 0,32 syðst.

Stærð rústarinnar reyndist vera 2,71 x 3,12 m að ytra máli (A-V). Norðurveggurinn var 0,97 m breiður, austurveggurinn, 0,53 m, suðurveggurinn 0,72 m og vesturveggurinn 0,72 m. Flatarmálið var því aðeins 1,91 m^2.

Ekkert öruggt gólf var að sjá í rústinni og engar öruggar dyr. Gólfið hefur líklega verið þar sem neðstu gripirnir (nr. 8, 11, 12 og 14) fundust og passar það vel við neðstu steina í veggjum.

Þegar rýnt er í ljósmyndir og teikningu má greina mögulegar dyr á suðurvegg. Hafa þær verið um 0,35 m breiðar.

Í austurhluta rústarinnar lágu steinar á gólfi sem mynduðu einhverskonar vegg og gæti það verið vísbending um að rústinni hafi verið skipt niður í tvö hólf. Engar stoðarholur fundust og ekki var hægt að greina stoðarsteina heldur.

Þegar rústin var fullrannsökuð voru tvær 0,5 x 0,5 m holur grafnar niður til að tryggja að engin mannvistarlög væru undir rústinni. Önnur holan var grafin inni í rústinni (X 49,5 Y 102,5) og var hún 0,2 m djúp. Hin holan var utan við rústina (X 52 Y 101,2) og var hún 0,25 m djúp.

Hæð veggja var; norðurveggur 0,33 m, austurveggur 0,21 m, suðurveggur 0,23 m og vesturveggur 0,40 m. Steinar úr veggjum hafa ekki hrunið, því engir steinar sáust inni í eða utan við rústina aðrir en þeir sem hugsanlega hafa hrunið niður í vatnið og áður eru nefndir. Stærstu steinarnir í veggjunum voru 0,31–0,67 m stórir.

Mynd 6. Krónupeningurinn úr rústinni. (Fnr. 1. Ljósm. BFE).

Mynd 7. Silfurhúðaða skeiðin úr rústinni. (Fnr. 7. Ljósm. BFE).

Mynd 8. Járnmolar (naglar) sem hafa hugsanlega legið á gólfi rústarinnar. (Fnr. 11. Ljósm. BFE).

Mynd 9. Gler úr flösku sem hugsanlega hefur legið á gólfinu. (Fnr. 14. Ljósm. BFE).

Við rannsóknina voru 16 fundanúmer skráð og oft voru margir gripir undir sama númeri. 10 fundanúmerana voru lausafundir sem fundust við hreinsun á rústinni. Flestir gripirnir hafa lent í rústinni eftir að hún lagðist af. Voru þetta glerbrot úr flöskum, speglum og olíulömpum. Greiða úr plasti, silfurhúðuð bronsskeið, tappi úr gosflösku, krónupeningur

frá 1929, naglar með timburleifum, blikkdolla, postulínsdiskar, stórir járnkrókar og ógreinanlegir járnmolar. Gripirnir hafa lent í rústinni þegar fólk hefur átt leið hjá, t.d. veiðimenn sem hafa haft með sér nesti og brjóstbirtu.

Þeir gripir sem þó má tengja við rústina voru nagli með tréleifum, 24 ógreinanlegir járnmolar (mest naglar) og tvö brot úr flösku. Enga gripanna er hægt að aldursgreina.

Mynd 10. Postulínsbrot sem hugsanlega hefur legið á gólfinu. (Fnr. 15. Ljósm. BFE).

Gjóskugreiningar

Tvö gjóskusýni og tvö jarðvegssýni voru tekin í eða við rústina. Gjóskusýnin tvö voru líklega úr sama gjóskulaginu. Jarðvegssýnin voru ekki send í frekari greiningu, en annað gjóskusýnið var sent í greiningu og annaðist próf. Þorvaldur Þórðarsson greininguna. Var sýnið greint í örgreini Háskóla Íslands (sjá fylgirit 5). Sýnið var tekið ofan af steini í norðurvegg rústarinnar. Lag þetta sást ekki í sniðinu sem var teiknað (mynd 5), en sást þó víðar á rannsóknarsvæðinu sbr. sýnaskrá og ljósmynd í fylgiriti 4.

Niðurstaða greiningarinnar var að sýnið er úr Kötlu 1721 og er því rústin eldri en það, líklega ekki mikið eldri, líklega frá miðri 17. öld.

Mynd 11. Fornleifar í nágrenni rústarinnar sem rannsökuð var. Á myndinni má sjá götuna (nr. 77 liggja lengra til NNA en merkt er. Í flæðarmálinu neðan við rúst-irnar eru sérkennilegir hringir sem engar skýringar eru á. (Loft-mynd: Loftmyndir. Viðbætur: Landsvirkjun - Fornleifafræðistofan).

Umræða og niðurstaða

Rústin á bökkum Úlfljótsvatns er býsna lítil og er innra mál hennar aðeins 1,02 x 1,87 m. Veggir hennar hafa verið úr grjóti einu saman og ekki hægt að fullyrða að þak hafi verið yfir henni þó það sé líklegt, því annars eru dyrnar tilgangslausar eða tilgangslitlar. Engar stoðarholur fundust í rústinni og engir stoðarsteinar voru líklegir. Höfundur þekkir enga rúst hér á landi sem er sambærileg og hefur verið rannsökuð.

Hlutverk rústarinnar hlýtur að vera í einhverju sambandi við legu hennar við bakka Úlfljótsvatns og nálægð við rústina vestur af henni (sjá mynd 1 og 11). Eins og fram kemur hér að ofan voru rústir á svæðinu samkvæmt örnefnaskrá Efri-Brúar, en engin vissi frekari deili á þeim. Einnig kemur fram að kindur hafi verið hafðar í Brúarey á haustin. Þær hafa þá verið ferjaðar yfir í eyna frá þessum ferjustað. Ekki er ósennilegt að þær hafi verið hafðar í húsum um tíma og þá er rúst nr. 76 líklega fjárhús. Sjá má götur (fornleifar nr. 77) liggja niður að þeirri rúst. Þetta skýrir þó ekki hlutverk rústarinnar sem rannsökuð var. Hún hlýtur að tengjast vatninu á einhvern annan hátt þar sem

fólk fór um í langan tíma. Hún gæti hafa verið geymsla fyrir veiðarfæri eða annað. Um efsta ferjustaðinn yfir vatnið, ofan við svokallaða Dráttarhlíð sem er ofan við útfall Sogsins, segir svo:

> Þar var sagt að lestamenn Skálholtsstóls hafi farið fyrrum í aðdráttarferðum sínum á Suðurnes. Þar sést tóft austan við vatnið, og er sagt að þar hafi verið geymsluskemma Skálholtsmanna til að geyma farangur er þeir höfðu ferjað yfir. (Sunnlenskar byggðir 1983:253–54).

Rústin er einnig kölluð geymsluhús í lýsingu á vaðinu (Brynjúlfur Jónsson 1905:48). Í örnefnalýsingu Kaldárhöfða er rústin kölluð skreiðaskemma Skálholtsmanna. Rústin var friðlýst árið 1927 (Fornleifaskrá 1990:76).

Í lýsingu hér að framan á kofarúst við Kallhól segir að þar hafi verið hesthús Þingvallaprests. Því gátu rústir við vatnið þjónað ýmsum tilgangi. Verið geymslur af ýmsu tagi og tímabundin skepnuhús. Rúst 75 hefur varla verið skepnuhús, hún er of lítil til þess og gólf hefði líklega verið greinanlegt þá. Þeir möguleikar sem koma einna helst til greina eru veiðafærageymsla eða geymsla fyrir áhöld og amboð sem notuð voru í tengslum við flutning á fé yfir í Brúarey og/eða nýtingu á eynni.

Fyrir utan gripina sem tengja má við rústina, eru gripirnir sem fundust í áfokslögum ofan við rústina ummerki eftir ferðir fólks með vatninu og líklega hafa þar verið stangaveiðimenn sem áð hafa við rústina og skilið eftir sig gripi.

Heimildir

Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson. *Menningarminjar í Hengli og Grafningi norðan Úlfljótsvatns*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 1997.

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Úlfljótsvatns í Grafningshreppi í Árnessýslu*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2005.

Bréf Minjastofnunar Íslands, dags. 18. júní 2021.

Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 2004.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1905*. Reykjavík 1905. Bls. 1–51.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn. Reykjavík 1990.

Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir. *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi I: Fornleifar á Kaldárhöfða, Efri-Brú, Syðri-Brú, Ásgarði og Miðengi.* Fornleifastofnun Íslands. FS103-99061. Reykjavík 1999.

Minjastofnun Íslands. Bréf dags. 18. júní 2021. MÍ202106-0086/6.05./UÆ.

Sunnlenskar byggðir. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selfoss. III. bindi. Ritnefnd Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands, 1983.

Sýslu- og sóknarlýsingar. Árnessýsla. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag 1979.

Örnefnaskrá. Efri-Brú. Guðmundur Guðmundsson. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Efri-Brú. Athugasemd. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. Kaldárhöfði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. Úlfljótsvatn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Tæknilegar upplýsing

Rannsóknarstaður:
Rúst 75:1 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Hnit:
E 401723 N 400928.

Verkkaupandi:
Landsvirkjun.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:
Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifanefndar:
30. september. 2021.

Leyfisnúmer:
202109-0089.

Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns Íslands:
2021-68.

Starfsmenn:
Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.
Svavar Níelsson, fornleifafræðingur.
Anna Soffía Ingólfsdóttir, fornleifafræðinemi.

Forvarsla:
Þjóðminjasafn Íslands (úrval).

Gjóskugreining:
Próf. Þorvaldur Þórðarson, jarðfræðingur, HÍ.

Rannsóknartími:
6. - 15. september 2021.

Hnitakerfi:
Ísn 93.

Hæðarkerfi:
Eigið.

Grafinn flötur:
Um 18 m^2.
Um 10,8 m^3.

Geymsla gagna:
Þjóðminjasafn Íslands.

Skýrsla hjá:
Minjastofnun Íslands, Landsvirkjun, Fornleifafræðistofunni og Þjóðarbókhlöðunni.

Fylgirit

1 Fundaskrá	bls. 12
2 Ljósmyndaskrá	bls. 14
3 Sýnaskrá	bls. 24
4 Teikningaskrá	bls. 25
5 Gjóskugreiningar. Þorvaldur Þórðarson	bls. 26
Viðauki:	
Skráning þriggja fornleifa, nr. 75–77.	bls. 32

Nr.	undardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
1	6.10.2021	Peningur	Brons	68

	eg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
mildir/Athugasemdir	-		-	-	-

Peningurinn er frá 1929 og lá í grasrótinni ausrtarlega í rústinni.

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
2	6.10.2021	Greiða	Plast	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir	-		-	-	-

Er í tveimur hlutum. Fannst vestarlega í rústinni.

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
3	6.10.2021	Flösku-, spegils- og	Gler	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir	-		-	-	-

Fundust víðsvegar í grasrótinni yfir rústinni.
48 flöskugler (glær).
2 grænir flöskustútar.
20 speglagler.
1 lampagler.

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
4	6.10.2021	Naglar og timbur	Járn og tré	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir	-		-	-	-

Fundust víðsvegar í grasrótinni yfir rústinni.
Í einu timburbrotinu var nagli.

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
5	6.10.2021	Naglar, tappi og járn	Járn	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir	-		-	-	-

Fundust víðsvegar í grasrótinni yfir rústinni.
19 þynnir (dolla?).
1 tappi af gosflösku eða bjór.
4 naglar.

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
6	6.10.2021	Diskur	Postulín	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir	-		-	-	-

Fannst austarlega í rústinni. Eins og gripur nr. 15.

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
7	6.10.2021	Teskeið	Brons	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir	-		-	-	-

Fannst í miðri rústinni.

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
8	7.10.2021	Nagli og tré	Járn og tré	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir	-		49,80	102,87	48,87

Í SA hluta rústarinnar. Gæti verið vísbending um gólf.

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
9	6.10.2021	Krókjur og naglar	Járn	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir	-				

Fannst í miðjum suðurhluta rústarinnar.
Tveir naglar og stór krókur.

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
10	6.10.2021	Flösku og spegilsgler	Gler	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir					

Fannst í SA hluta rústarinnar.
24 flöskugler (glær).
4 speglagler.
1 lampagler.

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
11	12.10.2021	Járn	Járn	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir			50,0	102,50	48,96

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
12	12.10.2021	Gler (flöskugler)	Gler	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir			50,0	102,50	48,96

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
13	11.10.2021	Járn (krókur?)	Járn	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir			-	-	-

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
14	13.10.2021	Gler (flöskugler)	Gler	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir			50,0	102,85	48,86



Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
15	6.10.2021	Leirtau (diskur?)	Postulín	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir			-	-	-

Fannst í SA hluta rústarinnar. Eins og gripur nr. 6.

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
16	8.10.2021	Nagli	Járn	68

	Teg. mannvirkis	Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir			-	-	-

Fannst í NV hluta rústarinnar.

Stafrænar ljósmyndir

Staður	Sveitarfélag	Tákntala		
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur			
Sýsla	**Dags**	**Mót**	**Mynd nr.**	
Árnessýsla	06/10/2021	ASA	1	
Myndavél	**Myndefni**			
Canon EOS 750	Rústin fyrir rannsókn.			
Ljósmyndari				
Bjarni F. Einarsson				

Leyf.nr. 202109-0089 Þjms nr. 2021-68

Staður	Sveitarfélag	Tákntala		
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur			
Sýsla	**Dags**	**Mót**	**Mynd nr.**	
Árnessýsla	06/10/2021	S	2	
Myndavél	**Myndefni**			
Canon EOS 750	Rústin fyrir rannsókn.			
Ljósmyndari				
Bjarni F. Einarsson				

Leyf.nr. 202109-0089 Þjms nr. 2021-68

Staður	Sveitarfélag	Tákntala		
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur			
Sýsla	**Dags**	**Mót**	**Mynd nr.**	
Árnessýsla	06/10/2021	VNV	3	
Myndavél	**Myndefni**			
Canon EOS 750	Rústin fyrir rannsókn.			
Ljósmyndari				
Bjarni F. Einarsson				

Leyf.nr. 202109-0089 Þjms nr. 2021-68

Staður	Sveitarfélag	Tákntala		
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur			
Sýsla	**Dags**	**Mót**	**Mynd nr.**	
Árnessýsla	06/10/2021	ASA	4	
Myndavél	**Myndefni**			
Canon EOS 750	Rannsókn á rústinni hafin. Suðurhluti fyrst grafinn til að teikna snið.			
Ljósmyndari				
Bjarni F. Einarsson				

Leyf.nr. 202109-0089 Þjms nr. 2021-68

Staður	Sveitarfélag	Tákntala		
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur			
Sýsla	**Dags**	**Mót**	**Mynd nr.**	
Árnessýsla	07/10/2021	VNV	5	
Myndavél	**Myndefni**			
Canon EOS 750	Suðurhluti rústarinnar hreinsaður fram.			
Ljósmyndari				
Bjarni F. Einarsson				

Leyf.nr. 202109-0089 Þjms nr. 2021-68

Staður	Sveitarfélag	Tákntala		
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur			
Sýsla	**Dags**	**Mót**	**Mynd nr.**	
Árnessýsla	07/10/2021	ASA	6	
Myndavél	**Myndefni**			
Canon EOS 750	Suðurhluti rústarinnar hreinsaður fram.			
Ljósmyndari				
Bjarni F. Einarsson				

Leyf.nr. 202109-0089 Þjms nr. 2021-68

Stafrænar ljósmyndir

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr.	Þjms nr.
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur		202109-0089	2021-68

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	07/10/2021	SSV	7

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Suðurhluti rústarinnar hreinsaður fram.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr.	Þjms nr.
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur		202109-0089	2021-68

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	07/10/2021	NNA	8

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Snið á vatansbakkanum. Stikan er 0,4 m.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr.	Þjms nr.
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur		202109-0089	2021-68

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	07/10/2021	N	9

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Snið á vatansbakkanum. Stikan er 0,4 m. Sjá má 3-4 svört gjóskulög.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr.	Þjms nr.
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur		202109-0089	2021-68

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	07/10/2021	N	10

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Snið á vatansbakkanum. Stikan er 0,4 m.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr.	Þjms nr.
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur		202109-0089	2021-68

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	07/10/2021	VNV	11

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Rústin eftir aðra umferð.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr.	Þjms nr.
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur		202109-0089	2021-68

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	07/10/2021	S	12

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Rústin eftir aðra umferð.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Stafrænar ljósmyndir

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr.	Þjms nr.
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur		202109-0089	2021-68

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	07/10/2021	SSV	13

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Rústin eftir aðra umferð.

Ljósmyndari: Bjarni F. Einarsson

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr.	Þjms nr.
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur		202109-0089	2021-68

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	07/10/2021	ASA	14

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Rústin eftir aðra umferð.

Ljósmyndari: Bjarni F. Einarsson

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr.	Þjms nr.
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur		202109-0089	2021-68

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	07/10/2021	V	15

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Rústin eftir aðra umferð.

Ljósmyndari: Bjarni F. Einarsson

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr.	Þjms nr.
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur		202109-0089	2021-68

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	08/10/2021	NNA	16

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Sniðið í rústinni austast. Engin gjóskulög!

Ljósmyndari: Bjarni F. Einarsson

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr.	Þjms nr.
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur		202109-0089	2021-68

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	08/10/2021	NNA	17

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Sniðið í rústinni. Austur-veggurinn. Engin gjóskulög!

Ljósmyndari: Bjarni F. Einarsson

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr.	Þjms nr.
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur		202109-0089	2021-68

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	08/10/2021	N	18

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Sniðið í rústinni vestast. Engin gjóskulög!

Ljósmyndari: Bjarni F. Einarsson

Stafrænar ljósmyndir

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 202109-0089	Þjms nr. 2021-68
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur			

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	08/10/2021	NA	19

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Skámynd af sniðinu inni í rústinni.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 202109-0089	Þjms nr. 2021-68
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur			

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	12/10/2021	NNA	20

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Snið með gjósku. Þessi gjóska lá yfir norðurveggnum.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 202109-0089	Þjms nr. 2021-68
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur			

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	14/10/2021	VNV	21

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Rústin nær fullgrafin. Allt freðið.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 202109-0089	Þjms nr. 2021-68
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur			

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	14/10/2021	ASA	22

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Rústin nær fullgrafin. Allt freðið.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 202109-0089	Þjms nr. 2021-68
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur			

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	14/10/2021	SSV	23

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 750	Rústin nær fullgrafin. Allt freðið.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 202109-0089	Þjms nr. 2021-68
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur			

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	06/10/2021	N	24

Myndavél	Myndefni
Phantom 4 Pro	Rústin fyrir rannsókn.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Stafrænar ljósmyndir

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 202109-0089	Þjms nr. 2021-68
Úlfljótsvatn	Grafningshreppur			

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
Árnessýsla	06/10/2021	N	25

Myndavél	Myndefni
Phantom 4 Pro	Rústin fyrir rannsókn og nærumhverfi.
Ljósmyndari	
